

# Reikningsskilaráð ríkisins

29. Fundur – 16. janúar 2019 kl. 09:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Margrét Björk Svavarsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Forföll: Ingbór Karl Eiríksson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 28. fundar samþykkt.

### 2. Ríkisreikningur 2018.

Ríkisreikningur fyrir árið 2018 verður birtur í maí/júní 2019 og á fyrsta ársfjórðungi 2019 þarf að vera búið að taka ákvarðanir um þau mál sem eiga að nást í ríkisreikningi 2018.

Á næsta fundi verður farið yfir nákvæma tímasetta verkáætlun fyrir ríkisreikning 2018.

### 3. Verkefnafjármögnun vegamála, veggjöld.

Til skoðunar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hafa verið kostir þess að finna sérstakt fyrirkomulag til að fjármagna afmarkaðar vegaframkvæmdir. Stefnumótun er ekki lokið og formlegar tillögur hafa ekki verið lagðar fram. Nokkur óvissa er með hvaða áhrif slíkar framkvæmdir hafa á afkomu ríkissjóðs, bæði skv. GFS og IPSAS. Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, kom á fundinn og skýrði stuttlega frá því að ráðuneytið hyggðist senda reikningsskilaráðinu erindi þar sem óskað verður eftir áliti þess hvernig eigi að færa ólíkar útfærslur á vegaframkvæmdum með gjaldtöku í uppgjöri hins opinbera. Á næstu dögum mun ráðinu berast erindið frá ráðuneytinu.

### 4. Vinnuhópar, verkefnastaðan

Jóhann Rúnar Björgvinsson kom á fundinn og gerði stuttlega grein fyrir yfirstandandi vinnu í bæði tekjuhópnum og efnahagshópnum. Kom þar m.a. fram að Jóhann hefur verið í sambandi við AGS út af úrvinnslugjaldinu og óskað eftir afstöðu þeirra til þess hvort gjaldið feli í sér skatt eða þjónustugjald.

### 5. Önnur mál.

Gagnagrunnur um opinber fjármál. Verkefnastaða

- Vinna við að samræma gagnavinnslu um opinber fjármál. Undanfarin misseri hefur verið í gangi vinna við að samræma flokkunarkerfi opinberra fjármála miðað við þarfir Fjársýslunnar, ráðuneyta, sveitarfélaga og Hagstofu. Til staðar er upplýsingaveita um fjármál sveitarfélaga. Vinna við samræmda gagnagátt um fjármál ríkisins og ríkisfyrirtækja var komin á góðan rekspól á síðasta ári en það verkefni hefur því miður dregist á langinn. Mikilvægt er að verkefninu verðverði tekið upp að nýju með það að markmiði að setja upp miðlæga gagnavinnslu um opinber fjármál sem geti nýst þeim aðilum sem þurfa aðgang að slíkum gögnum

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.